

Samantekt og kynning: Ragnheiður Kjærnested, Betadeild 25. apríl 2007.

## Málfríður Friðgeirsdóttir

Fædd 10. júní 1858 í Áshildarholti, Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu. Foreldrar hennar voru Hólfríður Jónsdóttir og Friðgeir Árnason. Málfríður flutti með foreldrum sínum vestur á Laxárdal en missti föður sinn ung. Móðir hennar bjó áfram með börnum sínum. Rúmlega tvítug fór Málfríður sem bústýra til Magnúsar Björnssonar, er þá bjó í Selhólum, og átti hún með honum eina dóttur, Helgu f. 1885, d. 1946. Með Jóni Kaprasíussyni á Gvendarstöðum átti Málfríður son, Friðrik að nafni f. 1888. Hann hrapaði til bana í Drangey 30. maí 1924, 36 ára að aldri. Árið 1894 giftist hún Þorkeli Jónssyni beyki á Sauðárkróki. Þau áttu ekki börn saman en ólu að mestu upp fjögur barnabörn Málfríðar, auk þess voru oft gamalmenni á heimili þeirra. Börnin sem um ræðir voru þrjú börn Helgu (Ingvar, Hólmar og Málfríður Magnúsarbörn) og sonur Friðriks, Málfréð Friðrik Friðriksson en síðustu árin dvaldist Málfríður á heimili hans og konu hans Sesselju Hannesdóttur og þar andaðist hún 31. mars 1954, tæplega 96 ára að aldri. Málfréð F. Friðriksson, eða Malli skó, var skósmíðameistari á Króknum. Hann þótti afar flinkur og vandvirkur og eftirsóttur fyrir skósmíðar, reiðtygi, hnakkasmíði o.fl.

Ömmudrengir Málfríðar voru gjarnan kallaðir Málfríðarstrákarnir þegar þeir voru að alast upp. Helga, dóttir Málfríðar, bjó í steinkofa undir Nöfunum á Sauðárkróki og þvældist oft um illa búin. Helga var amma Sverris Hólmarssonar.

Málfríður var stórbrotin kona og skapmikil. Hún var stór vexti, svipmikil og sköruleg. Hún sigraði sterkustu menn í krók þegar hún var komin á tíræðisaldur. Var handsterk með ólíkindum. Kjarkur hennar og dugnaður var óbilandi allt til enda þrátt fyrir erfiðleika og raunir. Var bindindissöm en afkomendur hennar voru þó mismiklir bindindismenn. Systir hennar var Ketilríður, formóðir Friðriks stórmeistara í skák. Kjarnafólk í þessari ætt.

Málfríður starfaði allmikið að félagsmálum, einkum bindindismálum og var heiðursfélagi í stúkunni „Gleym mér ei“ á Sauðárkróki. POB gaf út bókina *Vísur og vers* eftir Málfríði árið 1950.

## Um Helgu og Friðrik [börn Málfríðar]

Álmagrér og auðarslóð  
ávallt dyggðum fjölga.  
Mikið eru mæt og góð  
minn Friðrik og Helga.

Sjafnarhita siðug gná,  
sem burt flytur trega.  
Hjá mér situr, hýr á brá,  
Helga viturlega.

Elsku hjartans Helga mín,  
hjá þér kýs eg þreyja,  
yndisbjarta auðarlín,  
unz eg náí deyjja.

## Til H.S. Jóhannessonar, Þorleifsstöðum

Gleður lýði gæðum þýðum meður  
Hólmsteinn fríður, höldum kær,  
hann á þrýðisfagra mær.

## Til M. Fr. Fr. [Málfreð Friðrik Friðriksson]

Eyðir kvíða æ hvert sinn  
álmagrérinn rjóður,  
elsku hjartans Málfreð minn,  
mér sem ert svo góður.

## Stefanía Arnórsdóttir

(kona Sigurðar Sigurðssonar, sýslumanns, Sauðárkróki)

Arnórsdóttir, elsku Stefanía,  
Guðs þig leiði heilög hönd,  
hjá þér sneiði meinin vönd.

+++++

Biðjum oss Guð að blessa og styðja,  
beztan svo getum haldið eið,  
brennivíninu burtu að ryðja,  
bana sem geymir margan leið.  
Þetta við ætíð þenkjum bezt,  
því það á öllu ríður mest.

Heimildir:

Eiríkur Kristinsson (ritstj.) (1968). *Skagfirzkar æviskrár III : tímabilið 1890-1910*. Akureyri: Sögufélag Skagfirðinga.

Haraldur Bessason (2007, 9. apríl). *Málfríður Friðgeirsdóttir*. Tölvupóstur.

Málfríður Friðgeirsdóttir (1950). *Vísur og vers*. Akureyri: POB..

Stefanía Arnórsdóttir (2007, 17. apríl). *Málfríður Friðgeirsdóttir*. Tölvupóstur.